**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1227/1999** **2002/EES/03/37**

**frá 28. maí 1999**

**um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um tryggingastarfsemi(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]), eins og henni síðast var breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 410/98 ([2]), einkum viii-lið 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 var settur sameiginlegur rammi um hagskýrslugerð bandalagsins um skipulag, starfsemi, afkomu og samkeppnishæfni tryggingafyrirtækja í bandalaginu.

2) Nauðsynlegt er að tilgreina tæknilegt snið fyrir afhendingu á hagskýrslum um tryggingastarfsemi.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Tæknilega sniðið, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 58/97, er skilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu nota þetta snið fyrir gögn er varða viðmiðunarárið 1996 og árin þar á eftir.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Yves-Thibault de SILGUY

*framkvæmdastjóri.*

---

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 154, 19.6.1999, bls. 75, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 25.

([1]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 52, 21.2.1998, bls. 1.

*VIÐAUKI*

TÆKNILEGT SNIÐ

## 1. **Framsetning gagna**

Gögnin eru send sem safn gagnafærslna sem að mestu leyti er lýsing á breytum gagnanna (landi, ári, atvinnustarfsemi o.s.frv.). Gögnin sjálf eru númer sem má tengja kennimerkjum og neðanmálsskýringum, til dæmis til að lýsa heildarniðurstöðum úr kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins. Gögn, sem eru háð trúnaðarkvöð, skal senda með raungildi skráð í gildisreitinn og kennimerki sem auðkennir hvers eðlis trúnaðargögnin eru sem bætt er við færsluna.

Til að gæta nákvæmni í meðferð gagna er nauðsynlegt að greina á milli eftirfarandi sérstakra tilvika:

— *gögn sem jafngilda núlli* (kóði „0"): einungis raunverulegt núllgildi,

— *trúnaðargögn* (kóði „x"): gögn sem aðildarríkin afhenda ekki Hagstofu Evrópubandalaganna vegna þess að þau eru trúnaðarmál,

— *gögn sem vantar* (kóði „m"): gögn sem liggja ekki fyrir sem stendur en sem aðildarríkið leggur fram þegar þau eru tiltæk,

— *gögn sem ekki eru tiltæk:* gögn sem ekki er safnað í aðildarríkinu. Í því tilviki er samsvarandi færsla ekki send.

Ef upplýsingum er ekki safnað um heilan þátt (breytu, kóða flokkunar hagskýrslusvæða, kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins o.s.frv.) verður ekki um samsvarandi gagnafærslur að ræða nema um sé að ræða þætti sem vantar vegna þess að þeir eru liður í endurflokkun á kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins. Af þessum sökum er áríðandi að greina á milli gagna sem í raun vantar, með því að hafa færslu (eina fyrir hvert atriði sem vantar) þar sem gildi gagnanna er merkt sem „m", og gagna, sem í raun eru jafnt og núll, með því að hafa samsvarandi færslur þar sem gagnagildið er gefið upp sem 0.

## 2. **Færslusnið**

Færslurnar samanstanda af mislöngum reitum sem eru aðgreindir með semíkommu (;). Taflan sýnir hámarkslengd reita. Reitirnir eru sem hér segir (frá 1 til 17), talið frá vinstri til hægri:

| | Reitur | Tegund | Hámarkslengd | Gildi |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Röð | A | 2 | 5A, 5B, 5C o.s.frv. Alstafakóði raðarinnar (sjá skrá hér á eftir) |
| 2 | Ár | A | 4 | Ár með fjórum tölustöfum, t.d. 1996 |
| 3 | Hagskýrslusvæði | A | 2 | Samsvarar landskóðanum. Flokkun hagskýrslusvæða (´95-kóði) er nýja flokkunarkerfið sem tekið var í notkun í júní 1995 |
| 4 | Atvinnustarfsemi | A | 4 | Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun |
| 5 | Mælieining | A | 3 | Breyta — tegund mælieiningar |
| 6 | Eining | A | 4 | Eining |
| 7 | Breyta | A | 5 | Breytukóði. Í kóðunum, sem mælt er fyrir um í 5. viðauka við reglugerð um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, eru 5 stafir (sjá skrá hér á eftir) |
| 8 | Tegund tryggingar fyrirtæki/rekstur | A | 1 | Kóði fyrir tegund tryggingafyrirtækis eða tryggingastarfsemi (sjá skrá hér á eftir) |

| | Reitur | Tegund | Hámarkslengd | Gildi |
|---|---|---|---|---|
| 9 | Stærðarflokkur | A | 4 | Kóði fyrir stærðarflokkinn (sjá skrá hér á eftir) |
| | Búsetuland móðurfyrirtækis | A | 4 | Kóði fyrir búsetuland móðurfyrirtækis (sjá skrá hér á eftir) |
| 10 | Sundurliðun á vörum | A | 6 | Samsvarar vöruflokkun samkvæmt atvinnugreinakóða (sjá skrá hér á eftir) |
| 11 | Réttarstaða | A | 4 | Kóði fyrir réttarstöðu fyrirtækis (sjá skrá hér á eftir) |
| | Landfræðileg sundurliðun | A | 4 | Kóði fyrir landfræðilega sundurliðun samstarfslanda (sjá skrá hér á eftir) |
| 12 | Gagnagildi | A | 12 | Talnagildi gagna (frádráttarmerki er fyrir framan neikvæð gildi), gefið upp í heilli tölu án aukastafa.<br>Setja skal „x“ ef gögn eru ekki send til Hagstofu Evrópubandalaganna vegna þess að þau eru háð trúnaðarkvöð og setja skal „m“ ef gögn eru ekki send vegna þess að þau vantar |
| 13 | Gæðamerki | A | 1 | R: endurskoðuð gögn, M: uppfærð gögn, P: bráðabirgðagögn |
| 14 | Trúnaðarmerki | A | 1 | A, B, C, D: gefur til kynna að gögnin séu trúnaðarmál og ástæðu trúnaðarkvaðarinnar (sjá skrá hér á eftir). Eyða gefur til kynna að gögnin séu ekki trúnaðargögn |
| 15 | Yfirráð | N | 3 | Talnagildi sem er minna en eða jafnt og 100. Þetta gefur til kynna hundraðshluta yfirráða eins eða tveggja fyrirtækja sem ráða yfir gögnunum og setja á þau trúnaðarkvöð. Gildið er námundað að næstu heilu tölu: t.d. 90,3 verður 90, 94,5 verður 95.<br>Þessi reitur er auður ef ekki er um trúnaðargögn að ræða. Reiturinn er aðeins notaður þegar trúnaðarmerkið B eða C er í reitnum á undan |
| 16 | Skrá | A | 1 | Kóði sem samsvarar skránni með breytunni |
| 17 | Neðanmál | A | 250 | Athugasemdir um gögnin |

*ATH:* A = Alstafatákn, N = Tölutákn.

Þessu sniði er unnt að breyta í fast snið með því að nota hámarkslengd í hverjum reit og hægristilla efni hvers reits þar sem eyða er á undan.

## 3. Lýsing á reitum

### 3.1. *Röð*

| Tegund raðar | Kóði |
|---|---|
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur | 5A |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir réttarstöðu | 5B |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir búsetulandi móðurfyrirtækis | 5C |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir stærðarflokki | 5D |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir vöru | 5E |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar landfræðilega | 5F |

3.2. *Ár*

3.3. *Hagskýrslusvæði*

Kóðinn svarar til landsins að því er varðar gagnaraðir fyrir allt landið

| Land | Kóði |
|---|---|
| Belgía | BE |
| Danmörk | DK |
| Þýskaland | DE |
| Grikkland | GR |
| Spánn | ES |
| Frakkland | FR |
| Írland | IE |
| Ítalía | IT |
| Lúxemborg | LU |
| Holland | NL |
| Austurríki | AT |
| Portúgal | PT |
| Finnland | FI |
| Svíþjóð | SE |
| Breska konungsríkið | UK |
| Ísland | IS |
| Liechtenstein | LI |
| Noregur | NO |
| Sviss | CH |

3.4. *Atvinnustarfsemi*

| Heiti atvinnustarfsemi — Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun | Kóði |
|---|---|
| Líftrygging | 66.01 |
| Skaðatrygging | 66.03 |
| Endurtrygging | 66.04 |

3.5. *Mælieining*

| Mælieining | Kóði |
|---|---|
| Innlendur gjaldmiðill | NC |
| Evra | EUR |
| Fjöldi | NBR |

3.6. *Eining*

| Eining | Kóði |
|---|---|
| Eining | UNIT |
| 1 000 | 1 000 |
| Milljón | MIO |
| Milljarður | BIO |

3.7. *Breyta*

| Breytuheiti | Kóði |
|---|---|
| Fjöldi fyrirtækja | 11 11 0 |
| Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir réttarstöðu | 11 11 1 |
| Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokki bókfærðra iðgjalda | 11 11 2 |
| Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda | 11 11 3 |
| Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir búsetulandi móðurfyrirtækis | 11 11 5 |
| Heildarfjöldi útibúa í öðrum löndum og staðsetning þeirra | 11 41 0 |
| Tekjur og gjöld af vátryggingarekstri í rekstrarreikningi | |
| Bókfærð iðgjöld | 12 11 0 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld | 12 11 1 |
| Bókfærð fengin endurtryggingaiðgjöld, bókfærð iðgjöld | 12 11 2 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, stök iðgjöld | 12 11 3 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, iðgjöld fyrir hóptryggingar | 12 11 4 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, lotubundin iðgjöld | 12 11 5 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, eingreiðsluiðgjöld | 12 11 6 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, iðgjöld af samningum sem fela ekki í sér ákvæði um ágóðahlutdeild | 12 11 7 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, iðgjöld af samningum sem fela í sér ákvæði um ágóðahlutdeild | 12 11 8 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, iðgjöld af samningum vegna fjárfestingaráhættu tryggingataka | 12 11 9 |
| Fjárfestingartekjur | 32 22 0 |
| Dulinn hagnaður af fjárfestingum | 32 23 0 |
| Brúttóbreyting í líftryggingasjóðum | 32 25 0 |
| Fjárfestingarkostnaður | 32 27 0 |
| Dulið tap af fjárfestingum | 32 28 0 |
| Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar á fjármálarekstur | 32 29 0 |
| Brúttóbreyting í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir | 32 11 2 |
| Bókfærð iðgjöld, sundurliðuð eftir réttarstöðu | 32 11 4 |

| Breytuheiti | Kóði |
|---|---|
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld, sundurliðuð eftir búsetulandi móðurfyrirtækis | 32 11 5 |
| Bókfærð fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld, sundurliðuð eftir búsetulandi móðurfyrirtækis | 32 11 6 |
| Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar frá fjármálarekstri | 32 12 0 |
| Bókfærð tjón | 32 13 1 |
| Bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári | 32 13 2 |
| Brúttóbreyting í vátryggingasjóði fyrir tjónaskuldir | 32 13 4 |
| Verg rekstrarútgjöld | 32 14 0 |
| Breyting í útjöfnunarsjóði | 32 15 0 |
| Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, brúttófjárhæð | 32 16 0 |
| Aðrar tekjur af vátryggingarekstri, nettófjárhæð | 32 16 1 |
| Nettóbreytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum | 32 16 2 |
| Áunnin ágóðahlutdeild og afslættir, nettófjárhæð | 32 16 3 |
| Annar kostnaður af vátryggingarekstri, nettófjárhæð | 32 16 4 |
| Millisamtala I (= brúttóstaða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) | 32 17 0 |
| Endurtryggingajöfnuður | 32 18 0 |
| Hluti endurtryggjenda af bókfærðum iðgjöldum | 32 18 1 |
| Hluti endurtryggjenda af bókfærðum iðgjöldum, sundurliðaður eftir búsetulandi móðurfyrirtækis | 32 18 2 |
| Hluti endurtryggjenda af brúttóbreytingu í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir | 32 18 3 |
| Hluti endurtryggjenda af bókfærðum tjónum | 32 18 5 |
| Hluti endurtryggjenda af brúttóbreytingu í vátryggingasjóði fyrir tjónaskuldir | 32 18 6 |
| Greidd umboðslaun og ágóðahluti til endurtryggjenda | 32 18 7 |
| Hluti endurtryggjenda af brúttófjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri | 32 18 8 |
| Hluti endurtryggjenda af brúttóbreytingu í líftryggingasjóði | 32 33 4 |
| Millisamtala II (= nettóstaða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) | 32 19 0 |
| Tekjur og gjöld af fjármálarekstri í rekstrarreikningi | |
| Fjárfestingartekjur | 32 42 0 |
| Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar frá líftryggingarekstri | 32 43 0 |
| Fjárfestingarkostnaður | 32 44 0 |
| Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar á skaðatryggingarekstur | 32 45 0 |
| Aðrar tekjur | 32 46 0 |
| Annar kostnaður, þar með talið endurmat | 32 47 0 |
| Hagnaður eða tap af reglulegri starfsemi | 32 48 0 |

| Breytuheiti | Kóði |
|---|---|
| Óreglulegur hagnaður eða tap | 32 49 0 |
| Allir skattar (skattur á hagnað eða tap af reglulegri starfsemi, skattur á óreglulegan hagnað eða tap, aðrir skattar) | 32 50 0 |
| Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu | 32 51 0 |
| Viðbótarbreytur sem tengjast rekstrarreikningi | |
| Umboðslaun vegna heildartryggingastarfsemi | 32 61 1 |
| Umboðslaun vegna frumtryggingastarfsemi | 32 61 2 |
| Ytri kostnaður við vörur og þjónustu | 32 61 4 |
| Starfsmannakostnaður | 13 31 0 |
| Ytri og innri útgjöld við uppgjör tjóna | 32 61 5 |
| Kostnaður við öflun vátrygginga | 32 61 6 |
| Stjórnunarkostnaður | 32 61 7 |
| Annar brúttókostnaður af vátryggingarekstri | 32 61 8 |
| Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar | 32 61 9 |
| Tekjur af hagsmunatengdum félögum | 32 71 1 |
| Tekjur af lóðum og húseignum | 32 71 3 |
| Tekjur af öðrum fjárfestingum | 32 71 4 |
| Endurmat fjárfestinga | 32 71 5 |
| Hagnaður af sölu fjárfestinga | 32 71 6 |
| Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar, vextir meðtaldir | 32 72 1 |
| Mat fjárfestinga | 32 72 2 |
| Tap af sölu fjárfestinga | 32 72 3 |
| Bókfærð iðgjöld í frumtryggingastarfsemi eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins (CPA) (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 33 11 1 |
| Hluti endurtryggjenda af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 33 12 1 |
| Tjón ársins alls, frumtryggingastarfsemi, eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 33 13 1 |
| Verg rekstrarútgjöld, frumtryggingastarfsemi, eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 33 14 1 |
| Endurtryggingajöfnuður, frumtryggingastarfsemi, eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 33 15 1 |
| Landfræðileg sundurliðun — almenn — bókfærðra frumtryggingaiðgjalda | 34 11 0 |
| Landfræðileg sundurliðun — almenn — bókfærðra fenginna endurtryggingaiðgjalda, bókfærðra iðgjalda | 34 12 0 |

| Breytuheiti | Kóði |
|---|---|
| Landfræðileg sundurliðun á hluta endurtryggjenda í bókfærðum iðgjöldum | 34 13 0 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld eftir flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi) og eftir aðildarríki, landfræðileg sundurliðun reksturs sem er bókfærður samkvæmt staðfesturétti | 34 31 1 |
| Bókfærð frumtryggingaiðgjöld eftir flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi) og eftir aðildarríki, landfræðileg sundurliðun reksturs sem er bókfærður samkvæmt rétti til að veita þjónustu | 34 32 1 |
| Fjöldi starfsmanna | 16 11 0 |
| Lóðir og húseignir | 36 11 0 |
| Lóðir og húseignir undir tryggingafyrirtæki fyrir eigin starfsemi | 36 11 1 |
| Lóðir og húseignir (núvirði) | 36 11 2 |
| Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum | 36 12 0 |
| Hlutabréf í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum | 36 12 1 |
| Skuldabréf, útgefin af eignatengdum fyrirtækjum og lán til þeirra og til fyrirtækja sem tryggingafyrirtæki er hagsmunatengt | 36 12 2 |
| Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (núvirði) | 36 12 3 |
| Aðrar fjárfestingar | 36 13 0 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum | 36 13 1 |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun | 36 13 2 |
| Hlutdeild í fjárfestingasjóðum | 36 13 3 |
| Veðlán | 36 13 4 |
| Önnur lán | 36 13 5 |
| Annað (þar með talið geymslufé hjá lánastofnunum) | 36 13 6 |
| Aðrar fjárfestingar (núvirði) | 36 13 8 |
| Geymslufé hjá vátryggingafélögum vegna endurtrygginga | 36 14 0 |
| Fjárfestingar í þágu líftryggingataka sem bera áhættuna af fjárfestingunni | 36 20 0 |
| Fjárfestingar í þágu líftryggingataka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — lóðir og húseignir | 36 21 0 |
| Fjárfestingar í þágu líftryggingataka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — aðrar fjárfestingar | 36 22 0 |
| Efnahagsreikningur alls | 36 30 0 |
| Eigið fé og varasjóðir alls | 37 10 0 |
| Eigið fé og varasjóðir alls, sundurliðað eftir réttarstöðu | 37 10 1 |

| Breytuheiti | Kóði |
|---|---|
| Skráð hlutafé eða samsvarandi fjármunir | 37 11 0 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatssjóður og varasjóður | 37 12 0 |
| Víkjandi skuldbindingar | 37 20 0 |
| Vátryggingaskuld alls | 37 30 1 |
| Brúttóvátryggingasjóðir fyrir iðgjaldaskuldir | 37 31 0 |
| Heildarlíftryggingaskuldir | 37 32 0 |
| Brúttóvátryggingasjóðir fyrir tjónaskuldir | 37 33 0 |
| Brúttóvátryggingasjóðir fyrir tjónaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi | 37 33 1 |
| Brúttóvátryggingasjóðir fyrir tjónaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi, eftir (undir)flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22) | 37 33 3 |
| Brúttóvátryggingasjóðir fyrir áunna ágóðahlutdeild og afslætti | 37 34 0 |
| Útjöfnunarsjóður | 37 35 0 |
| Aðrar heildarvátryggingaskuldir | 37 36 0 |
| Heildarlíftryggingaskuldir vegna fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 37 37 0 |
| Skuldabréfalán | 37 41 0 |
| Skuldir við lánastofnanir | 37 42 0 |
| Fjöldi samninga við lok uppgjörsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar einstaka líftryggingasamninga og eftirtalda undirflokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.01.1, 66.03.1, 66.03.4 og 66.03.5 | 39 10 0 |
| Fjöldi tryggðra einstaklinga við lok uppgjörsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar alla hóplíftryggingasamninga og eftirtalinn undirflokk í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.03.1 | 39 20 0 |
| Fjöldi tryggðra ökutækja við lok uppgjörsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalinn undirflokk í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.03.2 | 39 30 0 |
| Verg tryggingafjárhæð við lok uppgjörsárs sem tengist frumtryggingarstarfsemi að því er varðar eftirtalda undirflokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.01.1 og 66.01.4 | 39 40 0 |
| Fjöldi tjóna á uppgjörsárinu sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalinn undirflokk í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.03.2 | 39 50 0 |

3.8. *Tegund tryggingafyrirtækis eða tryggingastarfsemi*

| Tegund tryggingafyrirtækis eða tryggingastarfsemi | Kóði |
|---|---|
| Líftryggingafyrirtæki | 1 |
| Skaðatryggingafyrirtæki | 2 |
| Blönduð tryggingafyrirtæki | 3 |
| Sérhæfð endurtryggingafyrirtæki | 4 |
| Líftryggingar í blönduðum tryggingafyrirtækjum | 5 |
| Skaðatryggingar í blönduðum tryggingafyrirtækjum (þar með töldum yfirteknum fyrirtækjum) | 6 |

3.9. *Stærðarflokka Búsetuland móðurfyrirtækis*

| Stærðarflokkur eftir bókfærðum iðgjöldum (milljónir evra) | Kóði |
|---|---|
| < 5 | SC11 |
| 5 – 50 | SC12 |
| 51 – 250 | SC13 |
| 251 – 500 | SC14 |
| 501 – 1 000 | SC15 |
| 1 000 + | SC16 |
| Stærðarflokkur eftir bókfærðum heildarvátryggingaskuldum (milljónir evra) | Kóði |
| < 50 | SC21 |
| 50 – 500 | SC22 |
| 501 – 2 500 | SC23 |
| 2 501 – 5 000 | SC24 |
| 5 001 – 10 000 | SC25 |
| 10 000 + | SC26 |
| Búsetuland móðurfyrirtækis | Kóði |
| Móðurfyrirtæki staðsett í heimaaðildarríki | RE01 |
| Móðurfyrirtæki staðsett í öðrum löndum | RE02 |

3.10. *Sundurliðun á vörum*

| Vörur | Kóði |
|---|---|
| Vátryggingaþjónusta án fjárfestingaráhættu | 66.01.1 |
| Vátryggingaþjónusta með fjárfestingaráhættu | 66.01.2 |
| Lífrentusjóðstryggingar | 66.01.3 |
| Tryggingaþjónusta sem lýtur að innlausn fjármagns | 66.01.4 |
| Önnur líftryggingaþjónusta | 66.01.5 |
| Þjónusta á sviði hóplífeyrissparnaðar | 66.02.1 |
| Slysa- og sjúkratryggingaþjónusta | 66.03.1 |
| Ökutækjatryggingaþjónusta | 66.03.2 |
| Ökutækjatryggingaþjónusta, bótaábyrgð þriðja aðila | 66.03.21 |
| Ökutækjatryggingaþjónusta, aðrir flokkar | 66.03.22 |
| Tryggingaþjónusta vegna sjó-, loft- og landflutninga | 66.03.3 |
| Brunatryggingar og tryggingar vegna annars eignatjóns | 66.03.4 |
| Almenn ábyrgðartrygging | 66.03.5 |
| Greiðslu- og efndavátrygging | 66.03.6 |
| Tryggingar vegna lögfræðiaðstoðar, lögfræðiþóknunar og ýmiss konar fjárhagstjóns | 66.03.7 |
| Önnur skaðatryggingaþjónusta | 66.03.8 |

3.11. *Réttarstaða/Landfræðileg sundurliðun*

| Réttarstaða | Kóði |
|---|---|
| Hlutafélög | LS01 |
| Gagnkvæm fyrirtæki | LS02 |
| Útibú fyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins | LS03 |
| Önnur | LS04 |
| **Lönd og landahópar** | **Kóði** |
| Belgique/België | BEL |
| Danmark | DNK |
| Deutschland | DEU |
| Ελλάδα | GRC |
| España | ESP |
| France | FRA |
| Ireland | IRL |
| Italia | ITA |
| Luxembourg | LUX |
| Nederland | NLD |
| Österreich | AUT |
| Portugal | PRT |
| Suomi/Finland | FIN |
| Sverige | SWE |
| United Kingdom | GBR |
| Ísland | ISL |
| Liechtenstein | LI |
| Norge | NOR |
| Schweiz/Suisse/Svizzera | CHE |
| USA | USA |
| Japan | JPN |
| Í aðildarríki aðalskrifstofu | MSHO |
| Í öðru aðildarríki Evrópusambandsins | OMS |
| Í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins | OEEA |
| Í öðrum þriðju löndum (annars staðar í heiminum) | THCO |

3.12. *Gagnagildi*

Peningamálagögn eru tilgreind í *milljónum* innlendra gjaldmiðilseininga, að undanskildu:

— Ítalía: gögn eru gefin upp í milljörðum innlendra gjaldmiðilseininga.

Til að gæta nákvæmni í meðferð gagna er nauðsynlegt að greina á milli eftirfarandi tilvika:

— *gögn sem jafngilda núlli* (kóði „0“): einungis raunverulegt núllvirði,

— *trúnaðargögn* (kóði „x“): gögn sem aðildarríkin afhenda ekki Hagstofu Evrópubandalaganna vegna þess að þau eru trúnaðarmál. Að auki ber að nota kennimerki sem gefur til kynna að gögnin séu ekki lögð fram vegna þess að þau eru trúnaðarmál (sjá lið 3.14 hér á eftir),

— *gögn sem vantar* (kóði „m“): gögn sem liggja ekki fyrir sem stendur en sem aðildarríkið mun leggja fram þegar þau eru tiltæk,

— *gögn sem ekki eru tiltæk:* gögn sem ekki er safnað í aðildarríkinu. Í því tilviki er samsvarandi færsla ekki send.

Ef upplýsingum er ekki safnað um heilan þátt (breytu, kóða flokkunar hagskýrslusvæða, kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins o.s.frv.) verður ekki um samsvarandi gagnafærslur að ræða nema um sé að ræða þætti sem vantar vegna þess að þeir eru liður í endurflokkun á kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins. Af þessum sökum er áríðandi að auðkenna gögn, sem í raun vantar, með því að hafa færslu (eina fyrir hvert atriði sem vantar) þar sem gildi gagnanna er merkt sem „m".

3.13. *Gæðamerki*

| Tegund gagna | Kóði |
|---|---|
| Endurskoðuð gögn | R |
| Uppfærð gögn | M |
| Bráðabirgðagögn | P |

„Endurskoðuð gögn" eru gögn sem eru send í annað (eða fleiri) skipti og eru leiðréttingar á gögnum sem hafa verið send áður.

„Uppfærð gögn" eru gögn sem voru ekki tiltæk áður og sem kóðinn í gagnagildisreitnum gaf til kynna að vantaði (sjá lið 3.12) en urðu síðar tiltæk.

Nota ber kennimerkið fyrir „Bráðabirgðagögn" til marks um að líklega þurfi að leiðrétta gögnin sem lögð eru fram.

3.14. *Trúnaðarkvöð*

Farið er fram á það við aðildarríkin að þau merki trúnaðargögn greinilega með því að nota kennimerkin sem eru tilgreind hér á eftir:

Lönd, sem ekki geta afhent trúnaðargögn, eru beðin um að tilgreina gildið „x" (sjá lið 3.12) og gefa til kynna með viðeigandi kennimerki að gögnin séu ekki lögð fram vegna þess að þau eru trúnaðargögn.

| Ástæða trúnaðarkvaðar | Kennimerki |
|---|---|
| Of fá fyrirtæki | A |
| Eitt fyrirtæki ræður yfir gögnunum | B |
| Tvö fyrirtæki ráða yfir gögnunum | C |
| Trúnaðargögn sem takmarkaður aðgangur er að | D |

3.15. *Yfirráð*

Talnagildi minna en eða jafnt og 100. Það gefur til kynna hundraðshluta yfirráða eins eða tveggja fyrirtækja sem ráða yfir gögnunum og setja á þau trúnaðarkvöð. Gildið er námundað að næstu heilu tölu: t.d. 90,3 verður 90, 94,50 verður 95. Þessi reitur er auður ef ekki er um að ræða trúnaðargögn. Reiturinn er aðeins notaður þegar trúnaðarmerkið B eða C er í reitnum á undan.

3.16. *Skrá*

Breyturnar koma fram í reglugerð (EB) nr. 410/98 í tveimur ólíkum skrám: A og B. Fyrsta viðmiðunarárið, sem þær eru teknar saman, er frábrugðið. Þrjár breytur eru valfrjálsar.

| Skrá | Kennimerki |
|---|---|
| Skrá A | A |
| Skrá B | B |
| Valfrjálst | O |

4. **Dæmi um gagnafærslur**

*Dæmi 1*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, landfræði-leg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5A | 1996 | BE | 6603 | NBR | UNIT | 11110 | 2 | | | | 95 | | | | A |

Belgía gefur upp í röð 5A — árlegar fyrirtækjahagskýrslur — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.03: 95 skaðatryggingafyrirtæki. Gögnin eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5A; 1996; BE; 6603; NBR; UNIT; 11110; 2;;;; 95;;;; A

*Dæmi 2*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, landfræði-leg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5B | 1996 | DK | 6601 | NBR | UNIT | 11111 | 1 | | | LS01 | 49 | | | | A |

Danmörk gefur upp í röð 5B — árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir réttarstöðu — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.01: 49 líftryggingafyrirtæki sem eru hlutafélög. Gögnin eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5B; 1996; DK; 6601; NBR; UNIT; 11111; 1;;; LS01; 49;;;; A

*Dæmi 3*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, land-fræðileg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5C | 1996 | PT | 6601 | NBR | UNIT | 11115 | 1 | RE02 | | | 47 | | | | A |

Portúgal gefur upp í röð 5C — árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir búsetulandi móðurfyrirtækis — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.01: 47 líftryggingafyrirtæki með móðurfyrirtæki í öðrum löndum. Gögnin eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5C; 1996; PT; 6601; NBR; UNIT; 11115; 1; RE02;;; 47;;;; A

*Dæmi 4*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, land-fræðileg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5D | 1996 | FI | 6603 | NBR | UNIT | 11112 | 2 | SC14 | | | 7 | | | | A |

Finnland gefur upp í röð 5B — árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir stærðarflokki — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.03: 7 skaðatryggingafyrirtæki með veltu milli 251 og 500 milljóna evra. Gögnin eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5D; 1996; FI; 6603; NBR; UNIT; 11112; 2; SC14;;; 7;;;; A

*Dæmi 5*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starf semi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrir-tækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, land-fræðileg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trún-aðar-merki | Yfirráð | Skrá | Neðanmálsgrein |
| 5E | 1996 | ES | 6601 | NC | MIO | 33111 | 1 | | 66011 | | 1410692 | | | | A | Þar með taldar líftryggingar blandaðra fyrirtækja |

Spánn gefur upp í röð 5E — árlegar fyrirtækjahagskýrslur, sundurliðaðar eftir vöru — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.01: ESP 1 410 692 milljónir í bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum í tryggingaþjónustu án fjárfestingaráhættu hjá líftryggingafyrirtækjum. Þessi gögn eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5E; 1996; ES; 6601; NC; MIO; 33111; 1;; 66011;; 1410692;;;; A

*Dæmi 6*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, land-fræðileg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5F | 1996 | CH | 6601 | NC | MIO | 34311 | 1 | | 66021 | NLD | 302 | | | | A |

Sviss gefur upp í röð 5F — landfræðileg sundurliðun árlegra fyrirtækjahagskýrslna — vegna viðmiðunarársins 1996, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.01: CHF 302 milljónir í bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum um útibú í Hollandi hjá líftryggingafyrirtækjum í vöruflokknum þjónusta á sviði hóplífeyrissparnaðar. Þessi gögn eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá A.

5F; 1996; CH; 6601; NC; MIO; 34311; 1;; 66021; NLD; 302;;;; A

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Röð | Ár | Hag-skýrslu-svæði | Atvinnu-starfsemi | Mæli-eining | Eining | Breyta | Tegund fyrirtækis | Stærðar-flokkur/ Aðsetur | Vörur | Réttar-staða, land-fræðileg sundur-liðun | Gagna-gildi | Gæða-merki | Trúnaðar-merki | Yfirráð | Skrá |
| 5F | 2000 | ES | 6604 | NC | MIO | 34120 | 4 | | | OMS | M | | | | B |

Spánn gefur upp í röð 5F – landfræðilega sundurliðun árlegra fyrirtækjahagskýrslna – vegna viðmiðunarársins 2000, í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endurskoðun, flokki 66.04: ESP milljón gögn sem vantar í bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, bókfærðum af sérhæfðum endurtryggingafyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum. Þessi gögn eru ekki háð trúnaðarkvöð og eru í skrá B.

5F; 2000; ES; 6604; NC; MIO; 34120; 4;;; OMS; M;;;; B

5. **Tegund segulnæms geymslumiðils**

Til að hægt sé að lesa úr gögnunum með góðu móti þurfa þau að vera á 3,5" disklingi.

6. **Aðrar aðferðir**

Aðildarríki eru hvött til að senda gögn um Gesmes.

Að fenginni skriflegri beiðni getur Hagstofa Evrópubandalaganna látið aðildarríkjunum í té rafræna spurningalista með því að nota Microsoft Excel. Beiðnina þarf að leggja fram með nægilegum fyrirvara fyrir áætlaðan afhendingardag.